



Íslensk ættleiðing hefur fengið jafn mikil svigrúm til ættleiðinga frá Nepal og önnur lönd sem eru að hefja samskipti við landið að nýju. Myndin er í eigu Ilienadoptions.



## Löggilding til ættleiðinga frá Nepal Líka kostur fyrir einstæða

### Gleðiefni

Ragna Árnadóttir dóms- og kirkjumálaráðherra gaf þann 13. maí út löggildingu fyrir Íslenska ættleiðingu til að annast milligöngu um ættleiðingar á börnum frá Nepal.

Félagið hefur þar með heimild íslenskra stjórnvalda til að annast milligöngu um ættleiðingar á börnum frá sjö löndum: Kína, Kólumbíu, Indlandi, Tékklandi, Makedóníu og Tælandi, auk Nepal.

Það er mikilvægur áfangi fyrir Íslenska ættleiðingu

að hafa nú færst skrefi nær því að geta haft milligöngu um ættleiðingar frá Nepal. Löggildingin gerir félaginu kleift að styrkja sambandið við tengiliði félagsins í Nepal og ákvað stjórn félagsins á fundi sínum sama dag og reglugerðin var gefin út að stíga þau skref sem þarf til þess.

Verulega hefur nú þokast í málum okkar gagnvart Nepal. Við höfum fengið úthlutað frá Nepal jafn miklu svigrúmi og aðrar þjóðir fá sem eru að hefja samskipti við

þjóðina að nýju. Gert er ráð fyrir að við getum sent út tíu umsóknir þetta árið og hluti þeirra getur verið frá einstæðum.

Nú er verið að taka saman grunnupplýsingar fyrir fólk með áætlun um kostnað og annað sem vitað er á þessu stigi. Félagið fer væntanlega að taka við umsóknum til Nepal þegar þessar grunn-upplýsingar liggja fyrir.

### Viðburðir:

6.06.2009 Foreldradagur Akureyri - Grill Kjarnaskógi kl. 12

14.06.2009 Sumargrill í Furulundi í Heiðmörk kl. 11-13